

Rangárþing ytra
b/t Haraldur Birgir Haraldsson
Suðurlandsvegur 1-3
850 Hella

Reykjavík, 23. september 2019
UST201909-105/A.B.
10.04.03


Efni: Tillaga að deiliskipulag fyrir Öldutún í Rangárþingi ytra

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings ytra er barst 10. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu á deiliskipulagi fyrir Öldutún á Helli í Rangárþingi ytra.


Svæðið sem tillagan nær til er 0,8 ha. að stærð og er skilgreint sem íbúðarsvæði (ÍB24) í aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016 – 2030 . Í greinargerð kemur fram að tillagan gerir ráð fyrir þrem lóðum og á hverri lóð er heimilt að byggja allt að 350 m² einbýlishús og bílskúr.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda tillögu og gerir ekki athugasemdir við hana.

Virðingarfyllst



Axel Benediktsson
sérfræðingur



Björn Stefánsson
sérfræðingur